

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu:

*Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar, frístundahús við Djáknahlíð
og þjónustuhús við tjaldsvæði, Biskupstungum.*

Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 5 frístundalóðum á bilinu 8.040 til 19.476 m² við
Djáknahlíð sem liggur upp að landamörkum við Miðhús. Heimilt verður að reisa allt að
250 m² frístundahús og allt að 10 m² aukahús með 5,5 m mænishæð. Gert er ráð fyrir 16
smáhýsum, hámarksstærð 50 m² og 4 þjónustuhúsum, allt að 200 m², á tjald- og ferða-
þjónustusvæði ofan þjóðveggar. Vestan golfvallar er gert ráð fyrir allt að 800 m² geymslu-
húsnæði.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. janúar 2008.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög
mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. mars 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 17. mars 2008